

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. nóvember 2020 í máli nr. 81/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 8. ágúst 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér alls 92.223 krónur. Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfunni verði hafnað og til þrautarvara að krafan verði lækkuð að álitum kærunefndarinnar.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 13. ágúst 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni þann 25. ágúst 2020. Sóknaraðili sendi kærunefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila sem bárust þann 31. ágúst 2020. Í kjölfarið bárust nefndinni athugasemdir frá varnaraðila þann 4. september 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, afrit af greiðslukröfu varnaraðila, skráð á nafn þriðja aðila, dags. 11. desember 2019, afrit af greiðslukröfu varnaraðila, skráð á nafn sóknaraðila, dags. 11. júní 2020, afrit af innheimtubréfum frá Inkasso, dags. 18. og 31. júlí 2020, afrit af innheimtubréfi frá lögmanni varnaraðila til sóknaraðila, yfirlit yfir símtöl milli sóknaraðila og varnaraðila, yfirlit yfir símtöl sóknaraðila við Inkasso og lögmann varnaraðila, afrit af tölvupósti frá starfsmanni varnaraðila til sóknaraðila, dags. 2. júlí 2020, staðfesting á greiðslu sóknaraðila að fjárhæð 92.223 krónur með fyrirvara þann 2. ágúst 2020, svo og yfirlýsing þriðja aðila, dags. 31. ágúst 2020, vegna málsins.

Með bréfi, dags. 12. október 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi innt þjónustu af hendi sem fólst í hreinsun lóðar umhverfis fasteign sóknaraðila sumarið 2019. Þann 1. desember 2019 barst greiðslukrafa að heimili sóknaraðila, skráð á einstakling að nafni A, alls að fjárhæð 66.997 krónur vegna hreinsunar, sorphirðugjalds og aksturs. Þann 11. júní 2020 barst krafa um greiðslu fyrir verkið aftur að heimili sóknaraðila en var nú skráð á nafn sóknaraðila.

Málsaðila greinir á um það hver hafi óskað eftir þjónustunni og hverjum beri að greiða fyrir hana. Sóknaraðili telur að sér beri ekki að greiða kröfuna þar sem hann hafi

ekki óskað eftir þjónustu varnaraðila við að vinna verkið. Varnaraðili telur að sóknaraðila beri að greiða fyrir þjónustuna.

Þann 2. ágúst árið 2020 greiddi sóknaraðili kröfuna til lögmanns varnaraðila, ásamt áföllnum innheimtukostnaði, með fyrirvara um réttmæti kröfunnar. Krafan var þá alls að fjárhæð 92.223 krónur að meðtöldum innheimtukostnaði og dráttarvöxtum.

### *3.1. Sjónarmið sóknaraðila*

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að sóknaraðili hafi gert samkomulag við einstakling að nafni A, sem er frændi sóknaraðila, um að hreinsa greinar og annan garðúrgang á lóð sóknaraðila sumarið árið 2019. Hafi samkomulagið komið til vegna skuldar A við sóknaraðila sem átti að falla niður í kjölfarið. A hafi hins vegar óskað eftir þjónustu varnaraðila við hreinsun á lóðinni án þess að sóknaraðili væri upplýstur um það. Kveðst sóknaraðili ekki hafa vitað um samkomulag A og varnaraðila fyrr en starfsmaður varnaraðila mætti á svæðið og hóf hreinsunina. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við A og fengið þær upplýsingar frá honum að hann hefði ekki tíma til að vinna verkið sjálfur. Hann þekki hins vegar vel til hjá varnaraðila sem fyrrum starfsmaður fyrirtækisins og hafi því óskað eftir því að varnaraðili innti þjónustuna af hendi.

Þegar verkinu var lokið segir sóknaraðili að varnaraðili hafi í eitt skipti haft samband við sig í síma og óskað eftir símanúmeri A sem þá hafði nýlega skipt um númer. Segir sóknaraðili að sér hafi ekki grunað að nokkuð óeðlilegt væri í gangi og gefið upp símanúmer A. Nokkru síðar hafi borist reikningur heim til sóknaraðila, skráður á nafn A en á heimilisfang sóknaraðila, dagsettur þann 11. desember 2019, vegna verksins. A var ekki búsettur í fasteigninni og sagðist að sögn sóknaraðila ekki vita hvers vegna reikningurinn hefði verið sendur í fasteign sóknaraðila.

Nokkru síðar, um það bil einu ári eftir að verkið var unnið, barst sóknaraðila greiðslukrafa frá varnaraðila sem skráð var á nafn sóknaraðila og dagsett þann 11. júní árið 2020. Sóknaraðili kveðst þá hafa haft samband við varnaraðila og krafist þess að reikningurinn yrði skráður á nafn A í stað sóknaraðila. Varnaraðili kvaðst hins vegar ekki geta fellt niður reikninginn gagnvart sóknaraðila fyrr en greiðsla hefði borist frá A, þar sem krafan á hendur sóknaraðila væri komin í löginnheimtu. Varnaraðili benti þó á að krafan væri skráð á nafn A í innheimtu hjá lögmannsstofu og þegar A muni greiða kröfuna til lögmannsstofunnar sé unnt að fella niður kröfuna á hendur sóknaraðila.

Þann 7. júlí 2020 barst sóknaraðila innheimtubríf frá Inkasso vegna kröfunnar sem var ítrekað 20. júlí 2020. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við Inkasso og tilkynnt að reikningurinn væri á röngu nafni og ætlaði starfsmaður fyrirtækisins að óska eftir frekari upplýsingum frá varnaraðila. Að sögn starfsmanns Inkasso bárust upplýsingarnar ekki frá varnaraðila. Þann 31. júlí 2020 barst sóknaraðila innheimtubríf frá lögmannsstofunni, sem einnig var með kröfuna á hendur A til innheimtu, þar sem fram kom að frekari innheimtukostnaður hefði bæst við kröfuna. Sama dag hafði sóknaraðili samband við lögmannsstofuna og benti á að A hefði tekið að sér að vinna verkið til að gera upp skuld við sóknaraðila, og síðar óskað eftir þjónustu varnaraðila að eigin frumkvæði, án þess að láta sóknaraðila vita. Lögmaður varnaraðila krafðist greiðslu innan tíu daga og sagði að ella yrði innheimtumál höfðað.

Sóknaraðili kveðst hafa ákveðið að greiða kröfuna til að koma í veg fyrir frekari kostnað þar sem sáttatilraunir hefðu ekki borið árangur, en krafan var þá ásamt innheimtukostnaði og dráttarvöxtum að fjárhæð 92.223 krónur. Krafan var greidd þann 2. ágúst 2020 með fyrirvara um réttmæti kröfunnar. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér alls 92.223 krónur.

### 3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili segir að lýsing sóknaraðila á málsatvikum sé röng. Telur varnaraðili að kæruneftndinni beri að vísa kvörtun sóknaraðila frá nefndinni með vísan til þess að sóknaraðili hafi ekki gert tilraun til að leysa málið beint með varnaraðila í samræmi við a-lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, kvörtunin sé tilefnislaus, sbr. b-liður ákvæðisins og sé ótæk til meðferðar hjá kæruneftndinni, sbr. e-liður sama ákvæðis. Telur varnaraðili að málsástæður og atvik málsins, sem sóknaraðili byggir kröfu sína á, séu þannig fram sett að útilokað sé að bregðast við með fullægjandi hætti. Þá sé lýsing sóknaraðila á málsatvikum þess eðlis að sakarefni málsins liggi ekki fyrir með skýrum hætti.

Varnaraðili krefst þess til vara að kröfu sóknaraðila verði hafnað og til þrautarvara að krafan verði lækkuð að áliti kæruneftndarinnar. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi óskað eftir þjónustu varnaraðila við að vinna ákveðin verk í þágu sóknaraðila í fasteign hans. Reikningurinn hafi hins vegar verið skráður á A að beiðni sóknaraðila þar sem sóknaraðili hafi sagt varnaraðila að A myndi greiða fyrir þjónustuna. Varnaraðili segir síðar hafa komið í ljós að A væri ógjaldfær og hefði ekki í hyggju að greiða reikninginn. A hafi einnig lýst því yfir að hann kannist ekki við að honum beri að greiða reikninginn því hann hafi hvorki pantað þjónustuna né notið góðs af henni enda ekki íbúi fasteignarinnar. Reikningurinn hafi því verið bakfærður og gefinn út að nýju á nafni sóknaraðila sem hafi óskað eftir þjónustunni og notið góðs af henni. Krafan var að fjárhæð 92.223 krónur, að viðbættum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hefði getað komist hjá auknum kostnaði ef hann hefði greitt kröfuna á gjalddaga með þeim sama fyrirvara sem hann síðar gerði þegar hann greiddi kröfuna.

Varnaraðili telur að sóknaraðila hafi borið að greiða fyrir þjónustuna með vísan til meginreglna kröfu- og samningaréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga, svo og meginreglna laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

### 3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að hann hafi aldrei óskað eftir eða ætlað sér að kaupa umrædda þjónustu af varnaraðila enda hafi hann unnið sama verk sjálfur, bæði fyrir og eftir að A óskaði eftir þjónustu varnaraðila. Sóknaraðili segir að honum hafi ekki verið fært að takmarka innheimtukostnað vegna kröfunnar. Hann hafi talið að varnaraðili ætti eftir að afturkalla kröfuna frá Inkasso vegna mistaka allt þar til sóknaraðila barst innheimtubríf frá lögmanni varnaraðila ásamt viðbættum innheimtukostnaði. Þá segir sóknaraðili rangt að A hafi ekki ætlað sér að greiða reikninginn og bendir á tölvupóst frá starfsmanni varnaraðila, dags. 2. ágúst 2020, sem liggur fyrir í málinu. Þar kemur fram að A hafi haft samband við varnaraðila og óskað eftir því að reikningurinn yrði færður á hans nafn. Sóknaraðili tekur fram að hann efist ekki um að þjónustan hafi verið veitt í samræmi við beiðni A og því eigi varnaraðili rétt á greiðslu fyrir þjónustuna. Hins vegar sé það á skjön við eðlilega viðskiptahætti og meginreglur samningaréttar að færa greiðslukröfu yfir á nafn sóknaraðila án þess að stoð sé fyrir þeirri breytingu.

Meðfylgjandi athugasemdum sóknaraðila er yfirlýsing frá A, dags. 31. ágúst 2020. Í yfirlýsingunni segir A að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir þjónustu varnaraðila heldur hafi A sjálfur óskað eftir þjónustunni án vitneskju sóknaraðila. Kveðst A gangast við kröfunni og ætla sér að greiða hana. Greiðsla fyrir þjónustuna hefði hins vegar dregist þar sem A hefði óskað eftir sundurliðun kröfunnar, sem hann hafi talið óvenjulega háa. Í stað nánari sundurliðunar hafi krafan verið færð yfir á nafn sóknaraðila. A segist í kjölfarið hafa haft samband við varnaraðila og óskað eftir því að reikningurinn yrði færður á sitt

nafn, án árangurs. A segir að hann fallist á réttmæti kröfunnar og ekkert standi í vegi fyrir því að hann greiði kröfuna ef hún verður færð á hans nafn.

### 3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar varnaraðili að sóknaraðili hafi óskað eftir þjónustu varnaraðila og að reikningurinn yrði skráður í nafni A. Þá segir varnaraðili rangt að sóknaraðili og A hafi reynt að leysa málið með varnaraðila enda gefi langvarandi greiðsludráttur A og síðar sóknaraðila ekki til kynna að greiðsluvilji hafi verið til staðar.

Varnaraðili mótmælir því sem fram kemur í yfirlýsingu A og telur að um fyrirslátt sé að ræða. Varnaraðili bendir á að A sé ógjaldfær og árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá honum 28. mars 2018 og 2. apríl 2019. Þá sé ekkert því til fyrirstöðu að A greiði kröfuna að svo stöddu en það hafi hann ekki gert.

## IV

### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Varnaraðili hefur krafist þess að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa með vísan til a., b. og e. liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið beint með gagnaðila líkt og krafist er samkvæmt a. lið 1. mgr. 14. gr. laganna, kvörtunin sé lítilvæg eða tilefnislaus samkvæmt b. lið ákvæðisins, svo og að kvörtunin sé ótæk til meðferðar.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili og varnaraðili hafi átt í reglulegum samskiptum vegna málsins þar sem sóknaraðili krafðist þess að krafan yrði færð af sínu nafni. Þrátt fyrir að sátt hafi ekki tekist milli aðila verður ekki séð að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið beint með gagnaðila í skilningi a. liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Þá verður ekki séð að kvörtun sóknaraðila sé lítilvæg eða tilefnislaus í skilningi b. liðar ákvæðisins eða að kvörtunin sé svo óljós að hún sé ótæk til meðferðar kærunefndarinnar samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. Er því ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun málsins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka löginn til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sú þjónusta sem varnaraðili framkvæmdi fól í sér hreinsun á lóð umhverfis fasteign sóknaraðila og fellur undir gildissvið laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Ágreiningur málsins varðar það hver hafi verið kaupandi þjónustunnar og hverjum hafi borið að greiða fyrir hana. Óumdeilt er að greiðslukrafa vegna þjónustunnar að fjárhæð 66.997 krónur, dags. 11. desember 2019, barst upphaflega að heimili sóknaraðila en krafan var skráð á einstakling að nafni A. Krafa um greiðslu fyrir þjónustuna barst aftur

að heimili sóknaraðila þann 11. júní árið 2020 en var nú skráð á nafn sóknaraðila. Fyrir liggur að sóknaraðili greiddi fyrir þjónustuna, ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði, alls 92.223 krónur þann 2. ágúst árið 2020, með fyrirvara um réttmæti kröfunnar.

Sóknaraðili telur að sér hafi ekki borið að greiða kröfuna þar sem hann hafi ekki óskað eftir þjónustu varnaraðila við að vinna verkið. Krefst sóknaraðili endurgreiðslu að fjárhæð 92.223 krónur. Í andsvörum varnaraðila er fullyrt að sóknaraðili hafi óskað eftir þjónustunni og sóknaraðili hafi einnig óskað eftir því að reikningurinn yrði skráður á nafn A.

Í málinu liggur fyrir undirrituð yfirlýsing A þar sem fullyrt er að A sjálfur hafi óskað eftir þjónustu varnaraðila án aðkomu sóknaraðila. Þá liggur fyrir að reikningur vegna þjónustunnar var upphaflega skráður á nafn A sem bendir ekki til annars en að A hafi verið kaupandi þjónustunnar og raunverulegur viðsemjandi varnaraðila. Einnig liggur fyrir í gögnum málsins að A hefur haft samband við varnaraðila og óskað eftir því að greiðslukrafan verði aftur færð á hans nafn en varnaraðili hefur ekki orðið við þeirri kröfu. Varnaraðili hefur ekki lagt fram gögn eða sýnt fram á það með öðrum hætti í málinu að sóknaraðili sjálfur hafi óskað eftir þjónustunni.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem staðreynir að samningur um framkvæmd þjónustunnar hafi verið gerður milli sóknaraðila og varnaraðila. Þá liggur ekkert fyrir um að A hafi haft umboð til að gera bindandi samning við varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila.

Verður því að fallast á það með sóknaraðila að honum hafi ekki borið að greiða fyrir þjónustuna. Af því leiðir að sóknaraðila var ekki skylt að greiða varnaraðila innheimtukostnað ásamt dráttarvöxtum vegna tafa á greiðslu kröfunnar. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila 92.223 krónur.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 92.223 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson